

Eiríkur Smith við eitt verka sinna. Mynd þessi heitir Fagur fiskur úr sjó.

Eiríkur Smith sýnir á Kjarvalsstöðum

Í DAG opnar Eiríkur Smith sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru tæplega 100 myndir og eru flestar þeirra til sölu. Rúmlega helmingur myndanna eru vatnslitamyndir en aðrar olíumálverk. Myndirnar eru flestar málaðar á síðustu þremur árum.

Eiríkur kvaðst mála töluvert meira með olíu heldur en með vatnslitum, en hann tæki þó fyrirleitt einhvern tíma á hverju ári til að mála með vatnslitum.

Myndirnar á sýningu Eiríks eru af ýmsu tagi, margar málaðar við sjávarsíðuna en efni í aðrar er sótt víðs vegar að.

Þá sagði Eiríkur að sá galli væri á að sýna á Kjarvalsstöðum að birtan þar væri alls ekki nógu góð.

Sýning Eiríks mun standa til 23. maí. Um helgina er opið frá kl. 14—22 en virka daga nema mánudaga er opið kl. 16—22.

Alþýðusambandið mótmælir óbreyttri verzlunarálagningu

Verðlagsstjóri gerir athugasemd við ályktun miðstjórnar ASÍ

MIÐSTJÓRN ASÍ kom saman til fundar á fimmtudaginn og var þar rætt um verðlagsmál í kjölfar samþykktar verðlagsnefndar um óbreytta verzlunarálagningu til bráðabirgða.

Á fundi sínum samþykkti miðstjórn ASÍ samhljóða eftirfarandi ályktun:

„Á fundi verðlagsnefndar í gær ákváðu fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúi ríkisstjórnar að gefa verzluninni rétt til að taka fulla álagningu á aukið vörugjald, sem þýðir í reynd að hundruð milljóna eru flutt frá almenningi til verzlunarinnar.

Miðstjórn ASÍ fordæmir harðlega þessa ákvörðun stjórnvalda á sama tíma og lagðar eru stórfelldar álögur á almenning."

Í gær barst Morgunblaðinu svo eftirfarandi athugasemd frá Georg Ólafssyni verðlagsstjóra vegna yfirlýsingar miðstjórnar ASÍ:

Fyrir Verðlagsnefnd hefur all lengi legið erindi frá Verslunarráði Íslands með ósk um hækkun á verslunarálagningu í heildsölu og smásölu, en á annað ár er liðið frá því álagningunni var síðast breytt. Erindi þetta hefur að undanförnu verið í athugun hjá Verðlagsskrifstofunni, og felst sú athugun meðal annars í því, annars vegar að meta þær kostnaðarhækkanir sem orðið hafa í verslunarrekstri og hins vegar hvaða tekjuauka verslunin hefur fengið á móti vegna erlendra og innlendra verðhækkana, gengissigs, vörugjalds og fleira.

Meiri hluti Verðlagsnefndar taldi ekki rétt að líta á vörugjaldið sem einangrað fyrirbæri heldur bæri, að meta áhrif þess í samhengi við þá heildarathugun sem nú fer fram á verslunarálagningunni og ákvað því að álagning í hundraðstölu skyldi vera óbreytt, þar til niðurstöður athugunarinnar liggja fyrir.

Skýrt skal tekið fram að afgreiðsla Verðlagsnefndar um að halda álagningu óbreyttri, enda þótt vörugjald hækkaði var gerð til bráðabirgða í mjög skamman tíma. Það er því mjög villandi sem kemur fram í yfirlýsingu miðstjórnar A.S.Í., „að aukið vörugjald þýði í reynd, að hundruð milljóna séu fluttar frá almenningi til verslunarinnar."


Safna í kirkjubyggingu Hvergerðinga

Hveragerði. 14. maí.

NÆSTKOMANDI sunnudag, 16. maí halda sóknarsystur hér í Hveragerði svokallaðan happamarkað, en það er hlutavelta, basar og happdrætti, kl. 2 eftir hádegi í félagsheimili Bergþóru, sem er við Eden.

Fyrsti áfangi nýju kirkjunnar var vígður 31. maí 1971, en enn er margt ógert og hafa nokkrar konur tekið höndum saman til að styrkja og fegra okkar fallegu kirkju. Margir góðir munir verða á boðstólum, þar á meðal verða seldir fáséðir antikmunir og gamlir gripir.

Í happdrættinu verða meðal vinninga fallegt málverk og nokkur handunnin ryateppi. Georg.



Ljósm. Mbl.: Georg Michelsen

Kirkjan í Hveragerði.



Næstkomandi laugardagskvöld kl. 20.30 mun Lúðrasveit Fíladelfíusafnaðarins halda tónleika í Fíladelfíu, að Hátúni 2. Lúðrasveitin er skipuð 25 ungum hljóðfæraleikurum, og hefur æft undir stjórn Sæbjörns Jónssonar trompetleikara, sem hefur annazt kennslu og þjálfun sveitarinnar.
Hefur lúðrasveitin leikið oft á samkomum safnaðarins, og hlotið góðar viðtökur.
Þá munu þrír ungir nemendur í píanóleik koma fram með einleik á píanó.
Allir eru velkomnir á þessa tónleika.

5 Íslendingar sýna á Norðatlantex

AF TILEFNI fréttar í Morgunblaðinu sunnudaginn 9. maí óskast eftirfarandi tekið fram:

Norðatlantex er ekki aðeins fyrsta frímerkjasýningin í Færeyjum heldur og með sérstöku boði til Íslendinga um þátttöku svo sem kynnt hefur verið í Tímanum, L.Í.F.-fréttum og Safnaranum. Er þar verið að endurgjalda boð Landssambands íslenzkra frímerkjasafnara til Færeyinga á s.l. ári.

Í sýningunni taka þátt fimm íslenzkir safnarar, ekki einn eins og segir í fréttinni.

Upphafleg dómnefnd var skipuð þannig: Sigurður H. Þorsteinsson, Eric Wovern, Ingvar Jacobsen og Jens Chr. Christiansen. Þegar séð var að Sigurður gæti ekki starfað í dómnefndinni vegna starfa hér heima, tók Ib Eichner-Larsen frímerkjaritstjóri Berlingske Tidende formannssætið.

(Frá Landssambandi ísl. frímerkjasafnara).

Vara við z-glundroða

RÚMLEGA 40 kennarar við Menntaskólann við Hamrahlíð hafa sent alþingi eftirfarandi áskorun:

„Undirritaðir kennarar Menntaskólans við Hamrahlíð vara eindregið við samþykkt frumvarps til laga um íslenska stafsetningu, þar sem m.a. er kveðið svo á að taka skuli aftur upp z, sökum glundroða, andúðar og tilgangslausrar vinnu sem slík lög mundu óhjákvæmilega hafa í för með sér."

60-70 hestar í vorkappreiðum Fáks

.VORKAPPREIÐAR FÁKS á sunnudaginn verða að vanda fyrstu kappreiðar ársins. Munu margir frægir hestar taka þátt í þeim, en alls taka 60 — 70 hestar þátt í hlaupunum. Vegna mikils og vaxandi áhuga unglinga á hestamennsku efnir FÁKUR nú í fyrsta skipti til sérstakrar keppni í unglingadeild. Unglingarnir munu sýna ýmsar þrautir, sem þeir hafa æft sérstaklega undir stjórn KOLBRÚNAR KRISTJÁNSDÓTTUR.

Keppt verður í 800 metra, 350 og 250 metra stökki. Í síðasttalda hópnum taka aðeins þátt ung hross, þ.e. 3 vetra eða yngri. Þá verður keppt í 250 metra skeiði og 1500 metra brokki, þar sem 8 hestar verða ræstir í hverjum riðli.

Keppnishrossin koma víðs vegar að. Af frægum skeiðhestum má nefna FANNAR Harðar G. Albertssonar, sem reyndist snjallasti vekringur landsins í fyrrasumar, ÓÐIN Þorgeirs í Gufunesi og HRÍMNI Eyjólfs Ísólfssonar frá Stóra-Hofi. Af stökkhestum má fræga telja LOKU Harðar G. Albertssonar, ÁSTVALD Gunnars Sveinbjörnssonar frá Sandgerði og ÞJÁLFA Sveins Kr. Sveinssonar.

Veðbanki verður starfræktur að vanda og happdrættishestur FÁKS verður sýndur í sambandi við mótið. Kappreiðarnar hefjast kl. 2.

INNLENT

Láglaunaráðstefna á Hótel Loftleiðum um helgina

MIKILL áhugi virðist vera meðal verkafólks á Ráðstefnu um kjör láglaunakvenna, sem haldinn verður á Hótel Loftleiðum á morgun, sunnudag, 16. maí. Í fyrstu stóð til að ráðstefnan yrði haldin í Lindarbæ, en fljótlega var séð að húsnæðið þar myndi ekki rýma alla þátttakendur, en í vikunni höfðu 160 fulltrúar tilkynnt komu sína á ráðstefnuna.

Ráðstefnan verður sett kl. 9.30 á sunnudagsmorgun og verða þá flutt 12 framsöguræður. Ræðurnar eiga að vera mjög stuttar eða 10 mínútur hver og á að vera lokið um hádegi. Eftir hádegi verður rætt saman í starfshópum og einn höfuðtilgangur ráðstefnunnar er að fá fólk til að ræða saman í starfshópunum.

Fulltrúar frá 12 verkalýðsfélögum munu flytja framsöguræðurnar og eru fulltrúarnir frá: Starfsstúlknafélaginu Sókn, Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, Verkakvennafélaginu Framsókn, Ljósmæðrafélagi Íslands, Félagi afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkurbúðum, Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, Verkakvennafélaginu Framtíðinni, Starfsstúlkum í veitingahúsum og Rauðsokkahreyfingunni.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir mun setja ráðstefnuna, en fundarstjórar verða Guðrún Ögmundsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir og Elísabet Sveinsdóttir.



MAGNÚS Jóhannesson opnar í dag kl. 16 sýningu að Laugavegi 178. Sýnir hann 30 vatnslitamyndir sem hann hefur málað sl. 2—3 ár. Sýning Magnúsar stendur til 24. maí og er hún opin daglega frá kl. 14— 22.